

NORÐURLJÓ

Fréttabréf Norðurláls

5. tbl. 7. júní 2012. Ritstjórar: Trausti Gylfason og Brian D. Marshall. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



Á nýbyrjuðu keppnistímabili í knattspyrnu sendir ÍA að nýju meistaraflokk kvenna til keppni. Skagastúlkur hafa verið mjög sigursælar í vetur, bæði í meistaraflokki og öðrum aldursflokki, og fögnuðu á dögnum sínum þriðja titli á árinu. Þær sigruðu þá í Lengjubikarnum c-deild meistaraflokks. Þjálfari stúlkanna er Elvar Grétarsson, en hann er starfsmaður Norðurláls. Um leið og stúlkunum og Elvari er óskað til hamingju með árangurinn má minna á að Norðurlál er stoltur stuðningsaðili knattspyrnunnar á Akranesi. Við fyrirtækið er kennt eitt af stærri pollamótum landsins sem fram fer á Akranesi 15.-17. júní næstkomandi.

Ljóm. Sigurður Arnar Sigurðsson.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk

Sumarið er komið. Það fer ekki framhjá neinum, enda fyrstu dagar júnímánaðar heitir og sólríkir. Annað sem minnir okkur Norðurlálsfólk á sumarið er að rúmlega 120 sumarafleysingamenn eru komnir til starfa.

Við þurfum öll að standa vörð um velferð þeirra á vinnustaðnum, tryggja að þeir fái rétta og góða þjálfun og þá reynir á okkur sem reyndari erum að vera þeim góðar fyrirmyndir. Allar persónuhlífar skulu rétt notaðar þegar unnið er við bráðinn málm eða raflausn. Þeir nýliðar sem leysa af hólmi iðnaðarmenn þurfa að kunna góð skil á fallvarnarbúnaði, læsingu - merkingu - prófun, svo ekki sé minnst á reglur um inngöngu í lokuð rými. Það er mín von og víska að með rétttri

þjálfun verði sumarið gæfuríkt, ekki síst fyrir sumarfólkið okkar. Systurnar, Hætta og Vá, eru ekki góðir förunautar. Vinnum fuðlaust og af fullu öryggi að öllum verkefnum. Jafnframt er það ósk mín til starfsmanna að gætt verði að verkefninu Öruggu atferli í sumar því að nú eru kjarnateymismedlimir að fara í langþráð sumarfrí. Höfum líka hugfast að góð umgengni skapar vellíðan á vinnustað. Góð umgengni er mikilvægt öryggisatriði. Umgengni lýsir innra manni.

Kerreksturinn hefur náð góðu jafnvægi eftir krefjandi aprílmánuð. Þá lentum við í truflunum í rekstri í kerskála vegna kolfrauds í kerjum og forskautavandamála. Við truflanir sem þessar mæðir mjög á starfsmönnum. Þeir náðu að vinna á vandamálinu og það

skilaði sér í afar góðum rekstri og í maí var framleiðsla yfir áætluðu magni.

Einungis þrjár ofnar af fjórum voru í rekstri í steypuskálanum mestan hluta mánaðarins, þar sem stórt viðhaldsverkefni var í gangi á einum þeirra. Þetta setti ákveðnar skorður á móttöku áls inni í steypuskála en með góðri samvinnu starfsmanna kerskála og steypuskála gekk rekstur steypuskálans mjög vel. Forúttekt vegna ISO 9001 staðalsins, sem fram fór í lok maí, gekk vel og engar efnislegar athugasemdir voru gerðar. Sjálf vottunarúttektin fer fram í október. Þetta hafðist með samvinnu og jákvæðni. Því er mikilvægt að halda áfram á sömu braut.

Með kveðju,
Gunnar Guðlaugsson

Sex slysalaus ár í kersmiðju

Fimmtudaginn 3. maí sl. náðust sex ár án fjarveruslyss, eða slyss sem kallar á tilfærslu í starfi í kersmiðju. Jón Óskar Ásmundsson formaður í kersmiðju segir að fyrst og fremst megi þakka þennan árangur starfsmönnum, en yfirleitt starfa um 25 í kersmiðjunni. „Þeir hafa fylgt settum reglum, hugsa áður en þeir framkvæma og líta eftir náunganum. Þetta er það sem við höfum lagt ríka áherslu á að menn tali saman og gæti náungans,” segir Jón Óskar.

Þessi árangur er sérlega glæsilegur í ljósi þess að á síðasta ári voru annirnar og afköstin meiri en nokkru sinni í kersmiðjunni í endurfóðrun kera, en þá voru endurfóðruð 148 ker. Jón Óskar segir að þessi misserin sé verið að ná yfir kúfynn á endurfóðrun gömlu keranna í verksmiðjunni. Á þessu ári er áætlað að endurfóðra 124 ker en



Starfsmenn í kersmiðju: Gunnar Sigurðsson, Arnór Freyr Simonarson, Egill Guðvarður Guðlaugsson, Krysztof Jadwizyc, Björn Árnason, Sigurður Gunnarsson, Þórður Sveinsson, Davíð Kristjánsson, Magnús Magnússon, Ingvar Þórisson, Stefán Valentínsson, Heiðar Logi Valdimarsson, Guðmundur Svanberg Sveinsson og Valentine Simire.

síðan á næstu árum á bilinu 85 til 100 ker á ári. „Það sem hefur hjálpað okkur er traustur og

góður mannskapur og lítil starfsmannavelta. Aðstaðan í kersmiðjunni hefur líka verið að batna og stöðugar framfarir eru í vinnuáðstöðunni og tækjabúnaði,” segir Jón Óskar.



Starfsmenn í kersmiðju: Jaroslaw Grzegorz Sledz, Kristján Már Hannibalsson, Uchechukwu Michael Eze, Finnur Guðni Þórðarson, Ingjaldur Bogi Jónsson, Gunnar Björnsson, Wojciech Jozef Koziol, Gísli Rúnar Már Gunnarsson, Sigurður Gunnarsson, Ármann Steinar Gunnarsson, Hjálmtýr Unnar Guðmundsson og Halldór Reynisson. Á myndirnar vantar: Ole Jakob Volden, Garðar Guðlaug Garðarsson, Leif Viktor Guðmundsson, Jón Friðrik Jónsson og Jón Óskar Ásmundsson.

Á ferðalagi með fjölskyldunni

Útivist og ferðalög með fjölskyldunni er fastur liður hjá flestum starfsmönnum Norðurlá. Til að fólk eigi góðar minningar úr ferðalögum er mikilvægt að vanda undirbúning. Nauðsynlegt er að vera með réttan búnað svo ekkert óvænt spilli ferðinni. Fyrst þarf að kynna sér ferðaleiðir og þá staði sem ætluin er að heimsækja. Skyndihjálpartaskan er það fyrsta sem athuga þarf áður en lagt er í ‘ann. Að sjálfsgöðu þurfa allir að vera með bílbeltin spennt hvort sem ekið er innanbæjar, á þjóðvegum eða hálendisvegum þar sem hættur leynast víða.

Oft eru eftirvagnar með í för s.s. hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagnar. Nauðsynlegt er að yfirfara ástand þessara aftanívagna áður en haldið er af stað. eru bremsurnar í lagi? eru keðjur til að festa vagninn við bíllinn nógu traustar? eru ljósin í lagi? kynnið ykkur vel allan búnað og miðlið reynslu ykkar til þeirra sem eru óvanir.

Mikilvægt er að fylgjast með veðurspá <http://www.vedur.is/> og meta aðstæður áður en lagt er af stað. Á sjova.is er að finna vindakort sem sýnir vindasama staði á landinu. Sérstaklega verður að hafa þetta í huga þegar ferðast er með eftirvagna.

Margir staðir í náttúrunni eru varasamir og eru fjörur

þar á meðal. Til að mynda svonefnd Reynisfjara. Hún er niður undan Görðum í Reynishverfi í Mýrdal, vestan við Reynisfjall en austan við Dyrhólaós. Þar hefur margur ferðalangurinn verið hætt kominn þegar hann hefur fylgt útfallinu niður fjöruna og ætlað svo að hlaupa undan öldunni sem skellur á ströndinni. Hafaldan er oft fljótari í förum en reiknað er með og Ægir konungur ekkert lamb að leika sér við. Þetta er lífshættulegur háskaleikur og vissara að gæta barnanna vel. Þau geta tekið á ráð þegar minnst varir. Börnum þykir gaman að klifra en klifur í klettum er varasamt. Það þarf að gæta þess að fara ekki of tæpt. Jarðlagið á brúninni getur verið laust í sér og hált, jafnt að sumri sem vetri. Mikilvægt er að halda sig í tveggja til þriggja metra fjarlægð. Ef farið er inn í gil eða gljúfur þarf að varast grjóthrun.

Annað sem ber að varast þegar tjaldað er að kveldi eru ýmis hitatæki til að kynda upp í fjallakofum, tjöldum, tjaldvögnum eða fellihýsum. Hitun með t.d. olíu- eða gashiturum í lokuðum rýmum getur verið banvæn. Ef engin eða takmörkuð lofræsting er um að ræða verður ófullkominn bruni sem myndar lofttegundina CO (kolmonoxíð), sem er eitruð lofttegund og getur dregið fólk til dauða.



Það er ósk okkar allra að starfsmenn Norðurlá og fjölskyldur þeirra eigi ánægjulegt sumarleyfi, innanlands sem utan. Í þessum pistli eru aðeins tiltekin nokkur atriði sem hafa þarf í huga áður en lagt er af stað í ferðalag. Hver og ein fjölskylda þarf að gera ferðaáætlun. Gott er að láta aðra vita af áætluninni ef eitthvað fer úrskeiðis. Það er góður siður að gera gátlista yfir það sem þarf að hafa með í för. Góða ferð og góða skemmtun!

Trausti Gylfason, öryggisstjóri



Starfsfólk í mótuneytinu: Kristín Inga Karlsdóttir, Guðbjörg Hrólfsdóttir, Sjöfn Jónsdóttir, Ingibjörg Helga Ingólfssdóttir, Karl Davíðsson, Arna Björk Árnadóttir, Sigurborg Þórsdóttir og Sigrún Reynisdóttir.

Hlutirnir ganga smurt í mótuneytinu

Ef einhvers staðar er hægt að tala um það í Norðuráli að hlutirnir gangi smurt í orðsins fyllstu, þá er það í mótuneytinu. Það eru nú starfsmenn mótuneytisins sem sjá um að metta mannskapinn, sem eru rúmlega fimm hundruð sem vinna hjá Norðuráli, allan ársins hrings, dag og nætur. Sjö eru á dagvakt í mótuneytinu og tveir á næturvakt.

„Okkar markmið er í anda mannauðsstefnu fyrirtækisins að sjá starfsfólki fyrir hollum, næringarríkum og fjölbreyttum mat. Vissulega þurfum við að skipuleggja okkar vinnu vel og samhæfa vinnubrögðin til að fæða þennan fjölda starfsmanna og fólk fái mat sinn á réttum tímum,“ segir Karl Davíðsson matreiðslumeistari sem hefur veitt mótuneytinu forstöðu í tvö og hálf ári.

Þegar blaðamaður Norðurljósa kíkti í mótuneytið einn morguninn þegar matseld var að byrja, sá hann að góður tækjabúnaður og aðstaða er forsendan fyrir því að framleiða mikinn og góðan mat fyrir fjölda starfsmanna. Karl segir að aðstaðan sé frábær í mótuneytinu, vinnuaðstaðan öll á einu gólfu og tækjabúnaður góður.

Karl segir að þjónusta mótuneytisins við starfsmenn hafi verið aukin stórlega haustið 2010 þegar vaktafólk fór að fá sinn mat inni í matsal á dagvinnutíma virka daga vikunnar, en áður hafði þeim verið færður maturinn út í deildirnar. Í febrúar 2011 var síðan skrefið stigið til fulls þegar vaktafólks fékk sinn mat í matsal alla daga vikunnar, daga og nætur.

Aðspurður sagði Karl að fæðuframboð seinni árin hafi æ meira færst í átt til aukinnar hollustu.

Meginuppistaðan væri ferskt hráefni, hlutfall unninnar kjötvöru hefði minnkað og framboð grænmetis í fæðuhringnum aukist. Ekki síst hafi heilsuárið í fyrra orðið til að skerpa þessar áherslur.

Einn dag vikunnar er síðan svokallaður finni matur í heita borðinu og desert fyrir alla. Það er á fimmtudögum. Þá er að sjálfsgöðu hátíðarmatur á jólahlaðborði og tyllidögum ársins eins og páskum og hvítasunnu.



Unga kynslóðin naut sín á Norðurálsleikum



Akraneshöllin var vettvangur Norðurálsleikanna sem haldnir voru laugardaginn 12. maí síðastliðinn. Þetta er í annað skiptið sem Norðurál blæs til þessarar hátíðar í höllinni. Til hennar er ekki aðeins boðið starfsmönnum, fjölskyldum og vinum heldur bæjarbúum á Akranesi og fólki hvaðanæva af Vesturlandi. Einkum er það unga kynslóðin sem nýtur sín á þessum leikum enda dagskráin sniðin að því að hún eigi góðan dag. Börnin leysa ýmsar þrautir, árangurinn er skráður í bók og þau síðan leyst út með verðlaunapeningum eins og á alvöru leikum. Þá leysa starfsmenn Norðuráls einnig þrautir á sviðinu hjá kynnum sem að þessu sinni voru Felix og Jóhann G. Margt var til skemmtunar, skemmtikraftar frá Latabæ og víðar, m.a. voru sýnd atriði úr söngleik Grundaskóla, Nornaveiðum. Norðurál bauð upp á hollar veitingar og einnig gátu gestir keypt sér vöfflur og kleinur til styrkar íþróttastarfi. Norðurálsleikarnir stóðu yfir frá klukkan eitt og vel fram á fimmta tímann. Víst er að margir komu þreyttir heim. Flestar myndanna í myndasýrpunni tók Ása Birna Viðarsdóttir.






GÆÐASTEFNA



Þarfir viðskiptavina

Norðurál framleiðir ál sem mætir þörfum viðskiptavina á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt



Samfélagsleg ábyrgð

Norðurál er ábyrgur þegn í samfélaginu og uppfyllir lög og reglur sem snúa að starfsemi fyrirtækisins



Gæðastjórnun og stöðugar umbætur

Allir starfsmenn fyrirtækisins þekkja gæðastefnuna og taka virkan þátt í stöðugum umbótum



Rýni

Framkvæmdastjórn rýnir gæðastefnuna reglulega með tilliti til þess hvort hún hæfi hlutverki, framtíðarsýn og gildum fyrirtækisins

GÆÐAMARKMIÐ



Öruggt atferli

Auka öryggi á
vinnustaðnum með
þátttöku starfsmanna




Umhverfismál

Nýta niðurstöður
umhverfismælinga til
stöðugra umbóta



Viðskiptavinir

Meta ánægju
viðskiptavina árlega



Hagkvæmni


Auka framleiðni með
tækniþróun og bættri
nýtingu auðlinda



Vottað gæðakerfi

Vinna að stöðugum
umbótum í anda ISO
9001 staðalsins

Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga



Síðastliðið sumar tóku starfsmenn Norðuráls virkan þátt í verkefni UMFÍ sem heitir ganga.is. Um leið voru starfsmenn að safna peningum til ýmissa góðgerðamála. Á landsvísu vorum við í fremstu röð og eftirfarandi vaktir og deildir hlutu verðlaun: Skautsmiðja, A-vakt steypuskáli, fjármálasvið, C-vakt kerskáli og D-vakt kerskáli. Í ár viljum við standa okkur enn betur, hreyfum okkur saman í anda liðsheidar, komum okkur í betra form og ekki síst styrkjum góð málefni.

Hvað geri ég?

Þátttakendur skrá sig til leiks á www.ganga.is og safna áheimum fyrir Norðurál sem renna til málstaðar sem þeir velja. Þátttakendur skiptast í lið (eftir deildum og vöktum) sem keppa sín á milli um að safna sem flestum áheitum. Á vefinn þarf að skrá a.m.k. 20 mínútna hreyfingu sem getur verið 5 km hjólreiðar eða meira, 3 km ganga eða skokk, 500 m sund eða fjallganga. Skráningarnar á www.ganga.is eru lyklatríði því þær stýra því hversu vel þátttakendum gengur að safna áheitum fyrir Norðurál og styrkja gott málefni.

Fyrirkomulag liðakeppni

Búið er að stofna keppnislíð í nafni Norðuráls inn á vefnum www.ganga.is. Hver einstaklingur þarf að skrá sig og merkja hvaða liði hann tilheyrir. Liðið velur síðan hvaða málstað það vill styrkja út frá listanum af góðgerðamálum



sem Norðurál gefur út. Mögulegt er að styrkja eitt, tvö eða þrjú félög og skiptist þá sú fjárhæð sem liðið safnar jafnt á milli þessara félaga.

Til viðbótar því sem hver einstaklingur getur safnað (sjá töfluna hér að aftan) verða greidd sérstök liðsverðlaun að upphæð 75.000 krónur fyrir hvern eftirtalinn flokk:

- Besti árangur liðsins (meðaltal)
 - Besta þátttakan í liðinu, þ.e. hlutfall vaktarinnar/deildarinnar sem tekur þátt
 - Besti einstaklingsárangur
- Liðakeppni stendur frá 5. júní til 15. september 2012.

Svona safnar hver einstaklingur í liðinu peningum til að styrkja gott málefni: Í hvert sinn sem þú hreyfir þig í meira en 20 mínútur skráir þú hreyfinguna á vefinn www.ganga.is

Við:

1. hreyfingu
2. hreyfingu
3. hreyfingu
4. hreyfingu
5. hreyfingu
6. hreyfingu
7. hreyfingu

Samtals safnast þannig

Safnast:

- 1.500 krónur
- 500 krónur
- 500 krónur
- 500 krónur
- 500 krónur
- 500 krónur
- 500 krónur
- 4.500 krónur

Góðgerðamál sem við ætlum að styrkja í ár:

- Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis
- Mæðrastreksnefnd Vesturlands
- Unicef
- Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
- Reykjadalur, sumarbúðir fyrir fötluð börn

Brian D. Marshall, mannauðssviði

Sudoku

7			1				3	9
8			3	6				2
	3	9				6		
6	1					9		
	9	8				1	7	
		2					4	8
		5				8	6	
9				7	5			4
4	8				1			3

Auðveld

	7		5	8				
	4	5					3	
9	8			2				
			3			9		2
	9		8	2			1	
5		4			9			
				9			7	8
	6					5	2	
			6	3		9		

Miðlungs

				1		5		
	7				8			
1	9				3	8		
4			8		9	2	3	
	5	3	7		4			6
		9	3				4	1
			4				6	
		5		6				

Erfið



Gönguferð á Snæfellsjökul

Þann 5. maí síðastliðinn fóru göngugarpar frá Norðuráli ásamt fleirum í góða göngu upp á Snæfellsjökul, með ferðapjónustufyrirtækinu Út og vestur gowest.is, sem sérhæfir sig í ferðum um Breiðafjörðinn.

Við lögðum af stað klukkan tíu að morgni í köldu en mjög björtu veðri. Göngufærið var gott enda búið að vera frost. Ferðin upp gekk mjög vel og tók aðeins um fjóra tíma. Engin skakkaföll urðu á mannskapnum, mikil gleði fyllti hjartað og ekki skemmdi útsýnið þennan daginn. Vegna mikils kulda og harðfennis var ekki hægt að klífa hæsta tindinn. Það var að vísu reynt en hefði tekið langan tíma því nota þurfti ísexi til að höggva

með fyrir hverju spori þrátt fyrir snjóbrodda. Fararstjórinn var mjög vel undirbúinn og hafði með sér góðan útbúnað ef einhver skakkaföll hefðu orðið.

Undirbúningur fyrir svona ferð þarf að vera einhver hjá flestum. Sumir fóru í ræktina, á Akrafjallið eða Esjuna, á meðan aðrir eru alltaf í svo góðu formi að þeir þurftu ekki að undirbúa sig neitt. Það er gott að stíga út fyrir þægindahringinn og takast á við eitthvað sem maður gerir ekki dagsdaglega.

Takk fyrir góðan dag, ferðafélagar.

Ádalheiður Skarphéðinsdóttir

Hreyfðu þig!!!

Þegar við komumst á efri ár verður mun erfiðara að halda sér í líkamlegu formi. Það hægir á brennslu líkamans og því þurfum við að huga mun meira að hreyfingu og matarræði en við gerðum þegar við vorum yngri að árum. Þegar við erum komin yfir miðjan aldur er líklegra að fita safnist frekar á óæskilegri staði. Hjá karlmönnum er það kviðfitan sem er hættulegust en hjá konum er það magi, rass og læri sem er „hættulegasta“ fitan. Það skiptir miklu máli fyrir heilsu okkar að við hreyfum okkur daglega og mælst er til að við hreyfum okkur að minnsta kosti hálf tíma á dag fyrir utan okkar eðlilegu hreyfingu s.s við vinnu og daglegt líf. Þessi hreyfing getur verið af ýmsum toga en það skiptir máli að ná hjartslættinum upp og þannig ná að bæta við hjarta- og lungnaþol líkamans í hvert sinn. Það sem gerist við hreyfinguna er margþætt. Vöðvar fá tækifæri til að stækka og losa sig þannig við „óhreinindi“ sem safnast hafa fyrir. Við bætum æðakerfið, beinamyndun verður mun betri, við fyrirbyggjum rýrnun beina,



án þess að fara út í einhverjar öfgar. Hafa þarf í huga að það að létta sig og halda sér í „nýrri þyngd“ tekur tíma og mun betra er að gera slíkt yfir langan tíma til að líkaminn nái að venjast þyngdinni og halda sér þar. Ef byrjað er að hreyfa sig aftur eftir kyrrsetu skiptir máli að fara hægt af stað. Gott er að byrja að ganga rösklega ákveðna vegalengd og bæta svo við vegalengdina smám saman. Fara svo að auka við hraða göngunnar. Þetta á við um hvaða hreyfingu sem verður fyrir valinu en bara muna, byrja hægt og bæta við. Það er miklu betra en að hoppa af stað og fá svo álagsmeiðsli og jafnvel meiða sig þannig að ekki

fyrirbyggjum sykursýki, æðakölkun o.s.frv. Ásamt því að bæta okkar lund. Matarræðið verður að vera fjölbreytt og við þurfum að kunna okkur hóf og vera meðvitund um hvað við borðum. Það eru til ráð að létta sig

sé hægt að hreyfa sig aftur í einhvern tíma. Gott er að finna sér æfingarfélaga eða félagsskap sem er stuðningur við að halda hreyfingunni áfram. Það setur smá pressu á mætingu, en öll höfum við gott af smá aðhaldi. Slíkur félagsskapur getur síðan haft það á stefnuskrá sinni að taka þátt í skemmtilegri íþrótt- og heilsuhátíð líkt og Ungmennafélag Íslands stendur fyrir nú í ár í Mosfellsbæ 8.-10. júní. Þar koma saman einstaklingar eldri en fimmtíu ára og taka þátt í margvíslegri skemmtun og fræðslu um allt sem viðkemur hreyfingu og hollustu. Allt er þetta gert til að auka hreyfingu og fræðslu til handa einstaklingum sem eru eldri en fimmtíu ára. Þegar árin færast yfir skiptir enn meira máli en þegar við vorum ung að hreyfa sig og viðhalda hollu og fjölbreyttu matarræði. Því skulum við hafa hugfast að þegar við eldumst skiptir miklu máli að viðhalda hollu og fjölbreyttu matarræði. Taktu þig á og mundu að hreyfa þig að minnsta kosti þrjátíu mínútur á dag!

Ingibjörg Ágústsson

Spurning dagsins

Hvað er skemmtilegast við Norðurálsleika?

ISO 9001 gæðastjórnunarkerfi - góður árangur

Þann 24. maí komu á Grundartanga úttektarmenn frá BSI (British Standards Institute) til að taka út gæðastjórnunarkerfið okkar. Þessi fyrri úttekt fólst í því að skoða ferlana til að ganga úr skugga um að þeir uppfylli kröfur ISO 9001 staðalsins. Seinni úttektin fer svo fram í október en þá verður gengið úr skugga um að alls staðar sé unnið eftir ferlunum.

Skemmt er frá að segja að fyrri úttektin gekk mjög vel, engin frávik komu fram sem er frábær árangur. Nú er bara að halda áfram á sömu braut til að tryggja að úttektin í október verði árangursrík og að ISO 9001 vottun náist á árinu.

Þessi góði árangur er fyrst og fremst að þakka mjög góðri samvinnu þeirra starfsmanna sem eru að vinna að innleiðingunni. Gæðatenglarir hafa unnið mjög gott starf við uppbyggingu gæðahandbókarinnar og innri úttektir á kerfinu. Starfsmenn hafa verið fúsir að leggja þeim til upplýsingar og aðstoða þá. Stjórnendur hafa stutt verkefnið dyggilega. Nú er verið að innleiða ábendingakerfi, sem ætlað er til að starfsmenn noti til að koma ábendingum á framfæri um það sem tilheyrir starfsemi fyrirtækisins, helstu flokkar ábendinga eru mál tengd öryggi, umhverfi, viðskiptamönnum (birgjum og viðskiptavinum) og gæðamálum, en ábendingar eru ekki einskorðaðar við þessa flokka eingöngu. Unnið verður úr ábendingum sem berast og sá sem skráir

ábendingu er látinn vita um niðurstöðuna ef við á. Ábendingakerfið og notkun þess verður kynnt fljótlega. Ég hvet alla til að nota það til að koma umbótum á.

Eins og starfsmenn hafa orðið varir við er búið að setja upp auglýsingar um gæðastefnu fyrirtækisins og gæðamarkmið. Kynnið ykkur vel þessar auglýsingar og tileinkið ykkur þau gildi sem í þeim felast.

Eftirtaldir starfsmenn eru gæðatenglar. Vinsamlega leitið til mín eða þeirra ef spurningar koma upp sem tilheyra ykkar starfsstöðvum:

Skautsmiðja og steypuskáli: Júníus Guðjónsson og Páll Ólason.

Kerskáli / kerstýring: Birna Björnsdóttir verkfr.

Umhverfis- og verkfræðisvið: Ásgeir Sævarsson.

Innkaupadeild: Finnþógi Rafn Guðmundsson og Ólöf Guðjónsdóttir.

Viðhaldssvið: Ásmundur Jónsson og Örvar Ármannsson.

Mannauðssvið: Brian D Marshall og Helga Björg Hafþórsdóttir.

Fjármálasvið: Bryndís Rósa Jónsdóttir, Ingibjörg Barðadóttir, Jón H Sveinsson og Emil Hilmarsson.

Öryggisdeild: Niels E Reynisson.

Bergþór Guðmundsson gæðastjóri

Drekktu mikinn vökva í sumar

Nú þegar sumarið er gengið í garð og hlýnar í veðri er nauðsynlegt fyrir alla starfsmenn að hugsa vel um vatnsbúskapinn hjá sér. Hitastig getur verið hátt í framleiðsludeildunum, útgufun líkamans eykst og við því þarf að bregðast með vatnsdrykkju. Við erum öll misjöfn eins og við erum mörg. Sumum hentar að drekka vatn og öðrum hentar að drekka annað, s.s. orkudrykki eða gosdrykki. Ef ekki er hugað að því að vökva líkamann getur það haft í för með sér uppþornun og vanlíðan, s.s. höfuðverk og í versta

tilfelli hitakrampa. Norðurál býður upp á orkudrykki í sumar en hver og einn verður að finna út hvað honum hentar. Mælt er með u.þ.b. einum lítra af orkudrykk á 12 tíma vakt en í þeim eru ákveðin sölt sem við töpum út með miklum svita. Ekki síst er mælt með miklu vatni. Verðum þessu viðbúin með því að drekka mikinn vökva áður en við komum á vaktina. Drekkum mikið á meðan vaktinni stendur og ekki síst eftir að henni líkur áður en farið er að sofa. Með þessu tryggjum við vellíðan og góðan vatnsbúskap líkamans í sumar.

Landsmót 50+ í Mosfellsbæ

Norðurál hefur myndað gott samstarf við Ungmennafélag Íslands síðustu misserin. Við viljum halda áfram að styðja starfsmenn Norðuráls í að nýta sér það sem er í boði á vegum UMFÍ, verkefni fyrir fólk á öllum aldri með þátttöku almennings og með ungmennafélagsandann að leiðarljósi.

Norðurál mun greiða þátttökugjöld fyrir starfsmenn sem vilja taka þátt og hafa náð 50 ára aldri. Annað Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Mosfellsbæ helgina 8.-10. júní nk. Mótið hefst á föstudegi og lýkur á sunnudegi. Það er fjölskylduhátið með fjölbreyttri dagskrá. Ásamt keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum verða fyrirlestrar og sýningahópar. Allir, jafnt ungir sem eldri, eiga að finna eitthvað við sitt hæfi. Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK) er mótshaldari að Landsmóti UMFÍ 50+ í ár. UMSK heldur mótið í góðu samstarfi við Mosfellsbæ.

Aðstaða í Mosfellsbæ er öll til fyrirmyndar fyrir Landsmót UMFÍ 50+. Að Varmá eru þrjár íþróttasalir, karatesalur, knattspyrnuvöllur í fullri stærð, gervigrasvöllur í fullri stærð, sjö manna gervigrasvöllur, hlaupabraut og sundlaug auk allrar búningaáðstöðu. Á Tungubökkum eru grasvellir og búningaáðstaða. Góður gólfvöllur sem og aðstaða fyrir þútt er í Mosfellsbæ. Einnig er reiðhöll í Mosfellsbæ og stutt í skólahúsnæði frá Varmá sem verður notað helgina sem landsmótið fer fram. Keppnisgreinar á mótinu eru; badminton, blak, boccia, bridds, frjálsar íþróttir, golf, Álafosshlaup, hestaiþróttir, knattspyrna, kraftlyftingar, leikfimi dans, línudans, þútt, ringó, skák, sund, starfsíþróttir, strandblak, hringdansar og þríþraut.

Brian D. Marshall mannauðssviði



Eiríkur Snjólfsson
Allt saman hvað maður hreyfir sig mikið.



Arndís Ósk Valdimarsdóttir með Heimi Leó Unnarsson
Skemmtiatriðin og sjá allt fólkíð saman.



Herdís María Einarsdóttir Briem
Fara í hoppukastalana.



Ásgeir Þórarinn Ingason
Það er skemmtilegast að klífra.



Arnaldur Hilmarsson með Héðinn
Klárlega hoppukastalarnir ef ég svara fyrir fjögurra mánaða son minn.



2012
2. LANDSMÓT
UMFÍ 50+

2. Landsmót UMFÍ 50+

Mosfellsbæ 8.–10. júní 2012

Keppnisgreinar:

Badminton • Blak • Boccia • Bridds • Frjásar • Golf • Götuhlaup • Hestaþróttir
Knattspyrna • Kraftlyftingar • Leikfimi dans • Línudans • Pútt • Ringó • Skák
Sund • Starfsíþróttir • Strandblak • Sýningar • Þríbraut

Fróðleikur
um hollustu
og heilbrigðan
lífstil



2012/10/09 09:00:00: Magna Stefánsdóttir - maggi123@is





Ræðumenn fundarins ásamt fundarstjóra: Þorsteinn Víglundsson frkvstj. Samáls, Will Savage frkvstj. samtaka breskra álframleiðenda, Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls og formaður Samáls og Ruth Elfarsdóttir frkvstj. fjármála hjá Alcoa Fjarðaáli.

Bjartsýni einkenndi ársfund Samáls

Íslensku álverin framleiddu á síðasta ári 806 þúsund tonn. Verðmæti framleiðslunnar var um 230 milljarðar króna og nam útflutningur á áli um 40% af heildarverðmæti útflutningsvara. Framlag til landsframleiðslu voru 90 milljarðar. Þetta kom fram í erindi Ragnars Guðmundssonar, forstjóra Norðuráls og stjórnarformanns Samáls á ársfundi samtakanna sem haldinn var í lok maí.



„Áliðnaðurinn ásamt tengdri orkuframleiðslu er grunnatvinnuvegur á Íslandi og það er mjög athyglisvert að þrátt fyrir miklar sveiflur í afurðaverði stóðu öll álverin af sér hamfarir í efnahagsmálum á heimsvísu,“ sagði Ragnar. Bein og óbein störf í áliðnaði eru um 5000, þar af starfa um 2000 hjá álfyrirtækjunum sjálfum. Ragnar benti á að fjöldi starfa segi ekki alla söguna heldur þurfi að horfa til þess að hér eru störf sem byggja á háu menntunarstigi og hafi í gegnum tíðina skilað hærri meðallaunum en landsmeðaltal. Hann hvetur þá sem áhuga

kunna að hafa að kynna sér nám og störf tengdum iðnaðinum.

„Það er beinlínis skortur á málmiðnaðarmönnum á Íslandi og lítið framboð á rafvirkjum og verkfræðingum. Álverin eru þess eðlis að þau byggja á gríðarlega mikilli fjárfestingu, þau eru ýmist ung eða að ganga í gegnum mikla endurnýjun, þannig að það er útlit fyrir stöðuga og góða atvinnu í þessum greinum næstu áratugin. Áliðnaðurinn á Íslandi stendur traustum fótum, fyrirtækin eru vel fjármögnuð og hafa aðgang að hráefnum og mörkuðum um allan heim,“ sagði Ragnar. Hann hvetur stjórnvöld til að stuðla að stöðugleika í starfsumhverfi fyrirtækja, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. „Við getum létt byrðarnar með auknu framlagi inn í íslenskt efnahagslíf í gegnum vöxt og viðgang í álframleiðslu og tengdum greinum. Framtíðin er björt.“

Álið og umhverfið

Frammistaða íslensku álveranna í umhverfismálum hefur vakið athygli á heimsvísu en þau voru í brennidepli á fundinum. Ragnar sagði stöðugar framfarir hafa orðið á undanförunum árum. „Til dæmis lækkaði losun gróðurhúsalofttegunda á hvert tonn um 6% á síðasta ári. Frá árinu 1990 hefur þessi samdráttur verið 75%. Svipaða sögu er að segja af flúorlosun sem lækkaði um 6% á hvert tonn á síðasta ári og 93% frá árinu

1990. Þá nýtur íslenskur áliðnaður þess að nota hreina og endurnýjanlega orkugjafa. Þess vegna er heildarlosun tengd íslenskum áliðnaði að meðtalinni losun vegna orkuframleiðslu með því lægsta sem þekktist í heiminum. Eitt af því sem einkennir álið er að það má endurvinna aftur og aftur. Þannig er áætlað að um 75% af áli sem framleitt hefur verið frá upphafi sé enn í notkun. Endurvinnsluhlutfallið í Evrópu er meira en 90%. Sökum þess að álið er verðmæt vara hefur aukin notkun áls í ýmsum iðnaðarvörum stuðlað að aukinni endurvinnslu, ekki bara á áli heldur líka öðrum efnum. Aukin notkun áls í samgöngutækjum léttir þau. Áætlað er að vegna notkunar áls minnki losun gróðurhúsalofttegunda um 70 milljónir tonna á ári í Evrópu en um þriðjungur álframleiðslu fer til bílaframleiðslu. Það sama er uppi á teningnum varðandi umbúðir, léttari umbúðir lækka þyngd í flutningi og spara eldsneyti. Síaukin notkun áls í byggingaiðnaði léttir byggingar og eykur veðrunarþol og lækkar þannig bæði byggingakostnað og viðhaldskostnað.“

Ragnar skoðaði dæmið við íslenskar aðstæður. „Eitt kíló af áli sem er framleitt hér veldur losun upp á 1 ½ kg af gróðurhúsalofttegundum en sparar aftur á móti 20 kg á líftíma bíls. Ef við reiknum með að þriðjungur íslenskrar álframleiðslu fari í bíla, þá sparast um 5,4 milljónir tonna af koltvísýringi sem er meira en heildarlosun Íslands að áliðnaði meðtöldum. Það munar um minna!“